

Brottnám eista

Eista er fjarlægt í skurðaðgerð gegnum lítinn skurð í nára. Stundum er sett gervieista í stað þess sem er fjarlægt. Aðgerðin er gerð í svæfingu og flestir fara heim samdægurs.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Blóðþynningarlyf

Ef breyta eða stöðva þarf blóðþynningarmeðferð fyrir aðgerð er það gert í samráði við lækni.

Náttúru- og fæðubótarefni

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna tveimur vikum fyrir aðgerð þar sem þau geta aukið hættu á blæðingu í aðgerð og haft áhrif á verkun lyfja sem notuð eru við svæfingu. Óhætt er að taka áfram inn fjölvítamín og steinefni.

Tóbaksnotkun og rafrettur

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun og nikótín í rafrettum hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð. Þau geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Því er mikilvægt að hætta tóbaksnotkun 6-8 vikum fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Þeir sem nota tóbak eru hvattir til að hætta og geta leitað aðstoðar á heilsugæslustöðvum eða á www.heilsuvera.is (netspjall, símaráðgjöf og fræðsluefni).

Símaviðtal vegna svæfingar


Hjúkrunarfræðingur svæfingadeildar hringir í sjúkling nokkrum dögum fyrir aðgerð til að fara yfir heilsufar með tilliti til svæfingar og veita tækifæri til spurninga. Ef eitthvað er óljóst eða nánari rannsókna er þörf, er boðað í innskriftarviðtal á spítalanum fyrir aðgerðina.

Gott er að hafa lyfjalista við hendina, þar sem upplýsingar verða veittar í símtalinu um hvaða lyf má taka og hvaða lyf á ekki að taka fyrir aðgerðina, þar sem óæskilegt er að taka viss lyf fyrir svæfingu.

Ef vandamál hafa komið upp í tengslum við fyrri svæfingar, til dæmis miklir verkir, ógleði, uppköst eða annað er mikilvægt að segja frá því.

Í símaviðtalinu verður spurt um:

- Fyrri reynslu af svæfingum
- Ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum
- Hæð og þyngd
- Áfengisneyslu og reykingar
- Gervitennur og tannbrýr
- Heilsufar og sjúkdóma
- Lyfjanotkun, þar á meðal notkun náttúruyfja og fæðubótarefna



Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir svæfingu. Eins er ráðlegt að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis. Hægt er að óska eftir dvöl á sjúkrahóteli ef þörf er á.

Kvöldið fyrir aðgerð

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki liður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu sex klukkustundir fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til tvær klukkustundir eru í komu á spítalann. Tær drykkur er til dæmis vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu tvær klukkustundir fyrir aðgerð.

Annar undirbúningur

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér þægileg föt og afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu.

Aðgerðardagur

Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann. Þvo þarf vandlega undir forhúð án sápu. Klæðast þarf hreinum fötum eftir sturtuna og ekki má nota svitalyktareyði, ilmefti, úr eða skartgrip.

Mæting er á dagdeild skurðlækninga 13D á 3. hæð Landspítala við Hringbraut á umsömdum tíma að morgni aðgerðardags. Hafa þarf með öll lyf sem tekin eru daglega. Ekki má taka inn eigin lyf nema í samráði við lækni eða hjúkrunarfræðing.

Fyrir aðgerð þarf að vera búíð að undirrita samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist.

Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Aðgerðin getur tekið 1-2 klukkustundir.

Þegar komið er á skurðstofu fer fram frekari undirbúningur fyrir aðgerðina. Settur er æðaleggur í handarbak eða handlegg sem er notaður til að gefa vökva og lyf. Áður en svæft er þarf að anda að sér súrefni í gegnum grímu.

Eftir aðgerð

Eftir aðgerð fer sjúklingur á vöknunardeild og síðan aftur á dagdeild. Heimsóknir eru ekki leyfðar á vöknunardeild, en nánustu aðstandendum er velkomið að hringja. Eðlilegt er að finna fyrir þreytu og sljóleika fyrst um sinn.

Stundum þarf að leggja drenslöngu að aðgerðarsvæðinu til að hleypa út blóði og vökva sem safnast í sárabeð. Hún er þá yfirleitt fjarlægð daginn eftir aðgerð.

Verkir

Búast má við vægum verkjum eftir aðgerðina. Verkjalyf eru gefin eftir þörfum. Notaður er verkjakvarði til að meta styrk verkja þar sem 0 þýðir enginn verkur og 10 gríðarlegir verkir eða verstu hugsanlegu verkir. Mikilvægt er að láta vita um verki svo hægt sé að bregðast við því. Hálssærindi geta komið eftir svæfinguna, en þau hverfa jafnan á 1-2 dögum.

0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Engir verkir			Vægir verkir		Miðlungs verkir		Miklir verkir			Gríðarlegir verkir

Þvaglát

Eftir svæfingu getur komið fram tregða við þvaglát og því er mikilvægt að reyna að pissa fljótlega eftir komu á deild. Láta þarf vita ef ekki gengur að pissa eða lítið kemur af þvagi. Þvaglosun er nauðsynleg fyrir útskrift.

Matur og drykkur

Drekka má og borða strax eftir aðgerð en vökvi er gefinn í æð ef með þarf.

Hreyfing

Hreyfing er mikilvæg eftir aðgerð til að flýta fyrir bata og minnka hættu á myndun blóðtappa. Sumir finna fyrir svima þegar farið er í fyrsta skipti fram úr rúmi eftir aðgerð, því er mikilvægt að fá aðstoð starfsmanns við það.

Útskrift

Útskrift er áætluð 2-4 klukkustundum eftir aðgerð.

Fyrir útskrift þarf að vera búð að fá:

- Útskriftarfræðslu
- Lyfseðil fyrir verkjalyfjum ef þörf er á
- Endurkomutíma hjá þvagfæraskurðlækni

Útskriftarfræðsla

Verkir

Búast má við eymslum yfir skurðsári fyrst um sinn. Mikilvægt er að draga úr verkjum eins og kostur er því verkir seinka bata. Ef verkir eru viðvarandi er æskilegt að taka verkjalyf reglulega yfir daginn, samkvæmt leiðbeiningum. Smám saman er síðan dregið úr töku lyfjanna með því að minnka skammta eða taka lyfin sjaldnar.

Skurðsár

Skurðsári er lokað með saumi sem eyðist af sjálfu sér. Yfir sárinu eru litlir límplástrar sem gott er að hafa yfir því í nokkra daga. Óþarfi er að hafa umbúðir yfir sári nema vessi úr því. Ráðlagt er að fara daglega í sturtu, skola skurðsár vel með vatni og þerra mjúklega með hreinu handklæði, en forðast þó alla óþarfa snertingu við sárið. Ekki má fara í baðkar, sund eða heitan pott fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð á meðan sárið er að gróa.

Hreyfing

Forðast þarf áreynslu í 2-3 vikur eftir aðgerð. Aðgerðin á ekki að hafa truflandi áhrif á kynlíf.

Vinna

Ráðlögð er hvíld frá vinnu í eina viku en það fer eftir eðli starfs og líðan.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir aðgerð á dagdeild. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Hafa þarf samband við dagdeild skurðlækninga 13D ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Líkamshiti er yfir 38,5°C
- Verkir minnka ekki við verkjalyf
- Blæðir eða vessar úr skurðsári
- Roði eða bólga er í kringum skurðsvæði

Í neyðartilvikum er leitað á bráðamóttöku

Símanúmer

Dagdeild skurðlækninga 13D 543 7480

Skiptiborð Landspítala (opið allan sólarhringinn) 543 1000

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja á deildina ef spurningar vakna.